

Blá taska - innihald

- **Blær bangsi:**



Blær er tákmynd vináttunnar, sameiginlegur vinur allra barnanna og miðpunkturinn í að byggja upp velferð og

samhygð í hópnum. Blær minnir börnin á að gæta hvert annars vel og vera góður félagi. Einnig hjálpar Blær til við ýmis verkefni, faðmar, gleður og huggar börnin.



- **Litlir bangsar:**

Litlir bangsar fyrir hvert og eitt barn sem tákna samfélag Vináttu. Litlu bangsarnir eru einkavinur hvers barns. Þeir fylgja ekki töskunni en eru keyptir sérstaklega.

- **21 stór samræðuspjöld:**



Á spjöldunum eru myndir af kunnuglegum aðstæðum úr daglegu lífi barnanna, mynd á annarri hliðinni og dæmi um spurningar og umræðuefni á hinni. Spjöldin henta til að ræða samskipti, tilfinningar og líðan í hópnum.

- **Verkefni, nudd og leikir:**



Um er að ræða verkefnahefti með ýmsum verkefnum, sem stuðla að góðum samskiptum og skólabrag; hópefli, þemavinna og nuddæfingar.

- **Fróðleikur og leiðbeiningar um notkun:**



Hér er fjallað um þær rannsóknir sem eru að baki *Vináttu*, hugmyndafræðina og gildin. Jafnframt leiðbeiningar um innleiðingu í skólastarf, foreldrasamstarf, vinnu með einstaka hópa og fleira.

- **Lífið í grunnskólanum:**



Sögubók um börn sem eru að læra á lífið í grunnskólanum. Í bókinni eru einnig hugmyndir að verkefnum og spurningum til að ræða við börnin um skólalífið.

- **Vinátta í útivist, útinám og leikir:**



Bók með verkefnum og leikjum sem byggja á samstarfi og samkennt. Bókin er úr efni sem þolir að blotna og því hægt að vera með utandyra.

- **Gott er að eiga vin - Tónlistardiskur:**



Lög og textar eftir Anders Bøgelund. Söngur Ragnheiður Gröndal og Stefán Örn Gunnlaugsson.

Hægt er að panta CD sérstaklega.

- **Gott er að eiga vin – Tónlistarhefti:**



Tónlistarheftið inniheldur Texta, nótur og hugmyndir að leikjum. Hægt er að nálgast heftið í PDF formi að kostnaðarlausu inná „panta efni“ fyrir grunnskóla hér á síðunni.

- **Klípusögur:**

Spjöld til að nota með starfsfólki og foreldrum til að ræða ýmsar aðstæður sem geta komið upp í barnahópnum.

- **Nokkur veggspjöld:**

Staðfestingaskjal um að unnið sé með *Vináttu* í skólanum, veggspjald með gildunum fjórum, veggspjald með foreldrareglum, Blær þvær sér um hendurnar veggspjald.